

ORKUSTOFNUN
Orkubúskapardeild

Alþingi
Erindi nr. P 130/922
Komudagur 3.2.2004

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Iðnaðarnefnd Alþingis
nefndarritari
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. janúar 2004
Tilvísun: 2003110024
Bréfalykill: 50.13

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis dags. 26. nóvember 2003, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 305. mál.

Lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar hafa verið í gildi í rúmlega eitt og hálf tveggja ár og því eðlilegt að þau séu endurskoðuð í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur. Það er skoðun Orkustofnunar að almennt hafi lögin reynst vel og að vel hafi miðað að þeim markmiðum sem að var stefnt með setningu laganna.

Í frumvarpinu felast fyrst og fremst tvenns konar breytingar á lögnum. Önnur breytingin er sú að upphæð styrkja til stofnunar nýrra hitaveitna eða stækkunar á eldri veitum hækki úr áætluðum fimm ára niðurgreiðslum á raforku eða olíu til húshitunar í átta ára niðurgreiðslur. Orkustofnun telur þessa breytingu vera til bóta. Þetta mun vissulega hækka þá styrki sem veittir eru og þannig auka útgjöld ríkisins tímabundið, en á móti kemur að fleiri ættu að sjá sér fært að ráðast í stofnun nýrra hitaveitna og þar með minnka útgjöld ríkisins til niðurgreiðslna þegar til lengri tíma er litið. Auk þessarar lengingar á viðmiðunartímabilinu er gerð sú sjálfsagða breyting að reikna niðurgreiðslur vegna olíuhitunar til jafns við niðurgreiðslur vegna rafhitunar þegar styrkuppþæð er ákveðin.

Hin meginbreytingin sem frumvarpið felur í sér er að svokallað jarðhitaleitarátak á köldum svæðum, sem hefur verið í gangi síðan 1998, er fært inn í niðurgreiðslufrumvarpið og þar með markaður sérstakur tekjustofn, sem er 5% af árlegu niðurgreiðslufé. Orkustofnun styður einnig þessa breytingu. Jarðhitaleitarátakið hefur skilað umtalsverðum árangri á undanförunum árum og því er æskilegt að tryggja framtíð þess betur en gert hefur verið til þessa. Með þessari breytingu er einnig verið að tengja betur saman aðkomu ríkisins að jarðhitaleit annars vegar og eðlilegu framhaldi hennar, þ.e. stofnun hitaveitu, hins vegar.


Orkustofnun leggur til að tvær minni háttar breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. Í 2. gr. frumvarpsins undir lið a. segir: "Beiðnir um styrki skulu sendar iðnaðarráðuneytinu ásamt greinargerð Orkustofnunar um fyrirhugaða jarðhitaleit". Lagt er til að orðið "Orkustofnunar" verði tekið út úr setningunni. Fagleg ráðgjöf varðandi jarðhitaleit er veitt af ýmsum aðilum og mikilvægt er að umsækjandi leggi fram greinargerð frá einhverjum slíkum sem nýtist við afgreiðslu málsins. Ekki er talin þörf á sérstakri greinargerð frá Orkustofnun áður en umsókn er lögð fram.
2. Lagt er til að á eftir 2. gr. frumvarpsins komi ný grein svohljóðandi:

"5. gr. laganna, sem fjallar um umsóknir um niðurgreiðslur, verði breytt þannig að í stað núverandi 1. málslíðar komi eftirfarandi: Eigandi eða umráðamaður íbúðar getur sótt um niðurgreiðslu til Orkustofnunar sem ákveður á hvaða formi umsóknir skulu sendar og hvaða upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar laga þessara eiga að koma þar fram".

Breytingin frá núgildandi lögum felst í að í stað þess að krefjast þess að eigandi íbúðar sækir um niðurgreiðslu verði umráðamanni, t.d. leigjanda, heimilt að gera það, jafnvel þó hann sé ekki eigandi. Reynslan hefur sýnt að erfitt er að framfylgja kröfunni um að eigandi sækir um, enda eru hagsmunir þeirra ekki alltaf í húfi. Því telur Orkustofnun að þessi breyting yrði til bóta.

Í ljósi þess sem að framan segir lýsir Orkustofnun sig fylgjandi frumvarpinu um breytingu á lögum nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar með þeim tveimur breytingum sem að ofan greinir.

Virðingarfyllst

Þorkell Helgason